

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/49/EB frá 18. júní 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins nr. 78/660/EBE og 83/349/EBE að því er varðar tiltekna upplýsingaskyldu fyrir meðalstór fyrirtæki og þá skyldu að semja samstæðureikningsskil ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE) og 6. lið (sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE) í XXII. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0049:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/49/EB frá 18. júní 2009 (Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/49/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 19, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 42.

(*) **Stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.